

## REGLUR

### um greiðslu viðbótarlauna til almennra starfsmanna ríkisins.

#### 1. gr.

##### *Markmið og gildissvið.*

Reglur þessar mæla fyrir um almennar forsendur fyrir greiðslu viðbótarlauna til almennra starfsmanna ríkisins, enda verði starf þeirra talið aðalstarf. Reglum þessum er ætlað að tryggja að ákvarðanir um viðbótarlaun byggji á málefnalegum sjónarmiðum og að jafnræðis sé gætt við framkvæmd ákvarðana um viðbótarlaun. Starfsmenn af ólíkum kynjum skulu hafa sömu möguleika á að fá viðbótarlaun.

Forstöðumenn stofnana ákvarða greiðslu viðbótarlauna innan ramma fjárveitinga til stofnunar.

Nýti forstöðumaður heimild til greiðslu viðbótarlauna samkvæmt ákvæðum kjarasamninga fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs skulu þau vera greidd í samræmi við reglur þessar.

#### 2. gr.

##### *Viðbótarlaun.*

Viðbótarlaun eru laun sem greidd eru til viðbótar við reglubundin laun eins og þau eru skilgreind í grein 1.2 í kjarasamningi Sameykis, stéttarfélags í almannapjónustu, eða í sambærilegum ákvæðum annarra kjarasamninga.

Heimild til greiðslu viðbótarlauna er bundin við eftirfarandi þætti:

*Sérstakt álag* merkir tímabundið ástand eða þætti í starfsemi stofnunar og rekja má til umfangsmikilla breytinga m.a. á daglegri starfsemi, verkefnum eða skipulagi stofnunar.

*Árangur í starfi* felur í sér sérstakt mat á framgöngu starfsmanns í starfi þar sem byggt er á viðmiðum stofnunar sem kynnt hafa verið starfsmanni sérstaklega.

*Sérstök hæfni* merkir persónubundna þætti, svo sem reynslu, menntun og kunnáttu sem nýtist í starfinu.

Aðrar greiðslur sem starfsmanni eru greiddar umfram reglubundin mánaðarlaun, svo sem vegna tímamældrar eða áætlaðrar yfirvinnu, teljast ekki til viðbótarlauna samkvæmt reglum þessum. Sama á við um greiðslur til starfsmanns vegna útlagðs kostnaðar hvort sem það er á grundvelli framlagðs reiknings eða samkvæmt ákvörðun þar til bærna aðila.

#### 3. gr.

##### *Framkvæmd útborgunar.*

Ákvörðun um greiðslu viðbótarlauna skal byggð á málefnalegum sjónarmiðum og með hliðsjón af viðeigandi gögnum og upplýsingum.

Fjárhæð viðbótarlauna skal reikna í sérstakri launategund og haldið aðgreindri frá öðrum greiðslum. Fjárhæð viðbótarlauna skal rúmast innan fjárveitinga viðkomandi stofnunar og vera í takt við tilefni og aðstæður.

Viðbótarlaun eru greidd mánaðarlega vegna fyrirséðra tilefna en heimilt er að greiða eingreiðslu vegna liðinna atvika sem voru ófyrirséð. Miða skal við að ákvörðun um viðbótarlaun sé tekin sem næst í tíma við það tilefni sem greitt er fyrir.

Almennt skal miða við að viðbótarlaun vegna sérstaks álags séu ekki greidd í lengri tíma en í sex mánuði samfelld. Ef mjög ríkar ástæður eru fyrir hendi er unnt að framlengja greiðslu vegna þess um einn til þrjú mánuði í senn, en ekki lengur en í tvö ár samtals frá því greiðsla viðbótarlauna hófst.

#### 4. gr.

##### *Reglur forstöðumanns.*

Til framkvæmdar reglna þessara setur forstöðumaður nánari reglur um útfærslu á stofnun sinni. Reglur forstöðumanns skulu kynntar starfsmönnum sérstaklega og vera þeim aðgengilegar í starfsmannahandbók eða með öðrum sambærilegum hætti.

Í reglum forstöðumanns skal koma fram að a.m.k. árlega skuli meta tilefni til greiðslu viðbótarlauna. Reglur forstöðumanns skulu taka mið af starfsemi og viðfangsefnum stofnunar og vera í samræmi við reglur þessar að öðru leyti.

5. gr.

*Tilkynningar.*

Ákvörðun forstöðumans um greiðslu viðbótarlauna skal tilkynnt starfsmanni skriflega. Koma skal fram í tilkynningu forstöðumans á hvaða forsendum viðbótarlaun eru ákveðin. Jafnframt skal greina frá hvaða tíma þau eru greidd, fyrir hvaða tilefni og hvenær þeim ljúki.

Heimilt er að taka fram í ákvörðun um tímabundna greiðslu viðbótarlauna að þeim verði sagt upp með mánaðar fyrirvara enda hafi forsendur fyrir ákvörðun þeirra breyst.

Ákvörðun um að lækka eða fella niður greiðslu viðbótarlauna, sem ekki hefur verið bundin fyrir fram ákveðnum skilyrðum eða tímatakmörkunum, tekur ekki gildi fyrr en að liðnum 3 mánaða uppsagnarfresti.

6. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar sem settar eru á grundvelli 9. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma falla úr gildi reglur um greiðslu viðbótarlauna frá 7. mars 2007.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 5. desember 2022.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Guðmundur Árnason.*